

Um starfsmenn sameignarstofnana ríkis og sveitarfélaga gilda hliðstæðar reglur eftir því hvort starfsmenn eru ráðnir af ríki eða sveitarfélagi.

Nánar skal kveða á um framkvæmd ákvæða þessarar greinar í reglugerð sem félagsmálaráðherra er heimilt að setja. Reglur um greiðslu atvinnuleysisbóta til fyrrverandi starfsmanna sveitarfélaga skulu settar að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga og með hliðsjón af tillögum einstakra sveitarfélaga. Haft skal samráð við stjórn BSRB um setningu reglugerðar um greiðslu atvinnuleysisbóta samkvæmt þessari grein.

#### 49. gr.

Sérstök nefnd ákveður atvinnuleysisbætur og úrskurðar annan ágreining, sem upp kann að koma. Nefndin skal skipuð tveim fulltrúum frá BSRB, einum frá fjármálaráðuneyti, einum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn skal skipaður af Hæstarétti.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. maí 1981.*

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*

## L Ö G

### um breytingar á lögum vegna umbóta á opinberum byggingum í þágu fatlaðra.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Á eftir 42. grein laga nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu komi ný 43. grein svohljóðandi:

Kostnaður við að gera byggingar heilbrigðisstofnana aðgengilegar fötluðu fólki greiðist af ríki og sveitarfélögum í sömu hlutföllum og stofnkostnaður samkvæmt lögum þessum.

43. grein laganna verði 44. grein.

#### 2. gr.

Við 23. grein laga nr. 63/1974 um grunnskóla bætist ný málsgrein svohljóðandi: Endurbætur, sem gerðar eru á húsnæði grunnskóla til þess að auðvelda fötluðu fólki aðkomu og umferð, greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

#### 3. gr.

Við 6. grein laga nr. 112/1976 um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Kostnaður vegna breytinga á dagvistarheimilum með það fyrir augum að auðvelda fötluðum aðkomu og umferð greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

## 4. gr.

Við 3. grein laga nr. 107/1970 um félagsheimili bætist ný málsgrein svohljóðandi:  
Nú ákveða eigendur félagsheimilis að breyta því með það fyrir augum að auðvelda fötluðum aðkomu og umferð og er þá heimilt að verja fé úr Félagsheimilaskjóði til greiðslu allt að 40% heildarkostnaðar, sem af þessari breytingu hlýst.

## 5. gr.

Við 6. grein ípróttalaga nr. 49/1956 bætist ný málsgrein svohljóðandi:  
Heimilt er að veita úr ípróttaskjóði styrk til breytinga á ípróttahúsnæði, sem miða að því að bæta fötluðum aðgang og umferð um það. Styrkurinn má nema allt að 40% af kostnaði við breytinguna.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. maí 1981.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 49/1974, um lífeyrissjóð sjómanna,  
með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 15/1980.

**FÖRSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

## 2. gr. orðist svo:

Sjóðfélagar eru allir sjómenn sem ráðnir eru á íslensk skip, þar með taldir þeir skipverjar sem ekki eru lögskráðir, en starfa að viðhaldi og viðgerð skips, flokkunarviðgerð eða að öðrum störfum í þágu útgerðar. Skulu þeir tryggðir í sjóðnum meðan þeir taka laun samkvæmt kjarasamningi sínum sem sjómenn. Taki sjómenn, sem þannig er ástatt um, laun samkvæmt öðrum kjarasamningi skal engu að síður skylt að tryggja þá í sjóðnum, nema tryggingarskyldu þeirra sé fullnægt með greiðslu til annars lífeyrissjóðs. Þó er heimilt að yfirmenn á farskipum skipafélaga, sem við gildistöku laga þessara hafa yfirmenn tryggða í lífeyrissjóðnum, séu tryggðir í þeim sjóðum er þau eru aðilar að. Á sama hátt er heimilt að yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna séu tryggðir í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Sjómönnum sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum og ráðherra hefur fyrir gildistöku laga þessara veitt undanþágu frá þátttöku, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 78/1970, er heimilt að vera utan við sjóðinn fullnægi þeir tryggingaskyldu sinni með greiðslu iðgjalds til annars lífeyrissjóðs.

Sjóðfélögum, sem hætta störfum á sjó, skal heimil áframhaldandi þátttaka ef þeir hefja störf í landi við útgerð eða hliðstæð störf, svo sem við fiskvinnslustöðvar